

Skólanámsskrá í myndmennt Kelduskóla

Námskrá Kelduskóla í myndmennt byggir á hæfniviðmiðum sem sett eru fram í Aðalnámskrá grunnskóla og miðast við hvað nemendum er ætlað að geta og kunna við ákveðin skil í skólasterfinu við lok 4., 7., og 10. bekkjar.

Almenn markmið skólanámskrárinnar byggja á gildum skólans sem eru ábyrgð, virðing og áræðni ásamt grunnþáttum menntunar: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

Kennsluaðferðir og vinnubrögð í skólanum eiga að þjóna þeim hæfniviðmiðum sem stefnt er að. Kennsla beinist að því að hjálpa nemendum að tileinka sér þekkingu, leikni og jákvætt viðhorf og öðlast þannig þá hæfni sem stefnt er að í menntun.

Námskrá myndmenntar leggur fram upplýsingar um kennsluhætti, námsleiðir, námsgögn og námsmat fyrir einn eða tvo árganga.

Hlutverk Kelduskóla

Hlutverk Kelduskóla er að bjóða upp á fjölbreytt og skapandi nám sem stuðlar að alhliða þroska nemenda. Með það að markmiði að þeir verði sjálfstæðir og skapandi einstaklingar, virkir og ábyrgir í síbreytilegu samfélagi.

Framtíðarsýn

Í Kelduskóla er lærdómssamfélag þar sem nemendur, foreldrar og starfsfólk eru virkir þátttakendur. Nemendur fá tækifæri til að njóta hæfileika sinna og rækta heilbrigðan lífsstíl og samskipti í hvetjandi og jákvæðu námsumhverfi. Í Kelduskóla er unnið samkvæmt stefnu fræðslufirvalda um skóla án aðgreiningar. Lögð er áhersla á

- einstaklings / hópamiðað nám. Þegar nám er einstaklingsmiðað er hverjum og einum nemanda mætt þar sem hann er staddur í námi og þess er vænst að nemendur leggi það af mörkum sem þeir geta í námi sínu
- kennsla nemenda með sérþarfir
- samþætt viðfangsefni námshópa
- teymiskennslu
- samþættingu námsgreina
- fjölbreyttar kennsluaðferðir
- sjálfstæð vinnubrögð, sköpun og frumkvæði
- umhverfismennt

Uppeldi til ábyrgðar

Á sameiginlegum fundi foreldra og starfsfólks Kelduskóla í ársbyrjun 2013 var tekin sú ákvörðun að innleiða uppeldisstefnuna Uppeldi til ábyrgðar – Uppbyggingarstefnuna í Kelduskóla. Innleiðingin hófst í ágúst 2013 með byrjendanámskeiði fyrir allt starfsfólk skólans. Að innleiða hugmyndafræðina tekur tíma og verður þeirri vinnu haldið áfram með markvissum hætti skólaárið 2014 -2015. **Uppeldi til ábyrgðar** miðar að því að ýta undir ábyrgðarkennd og sjálfstjórn barna og unglinga og þjálfra þau í að ræða um tilfinningar og átta sig á þörfum sínum. Vinnuaðferðunum er einnig ætlað að styðja starfsmenn skóla við að móta sér skýra stefnu varðandi samskipti og agamál. Öðru fremur er um að ræða aðferðir við að kenna sjálfstjórn og sjálfsaga og styrkja einstaklinga í því að læra af mistökum sínum.

1. bekkur

Hæfniviðmið

Í myndlist er leitast við að þroska með nemendum skapandi hugsun. Á yngsta stigi eru viðfangsefnið unnin útfrá nánast umhverfi og hugarheim nemandans. Áhersla er lögð á fjölbreytt vinnubrögð og að nemendur handleiki sem flestar tegundir efna og áhalda. Lögð verður áhersla á að þjálfra fín- og grófhreyfingar, jafnframt skapandi vinnu.

Á þessu stigi fer fram kynning á inntakspáttum myndlistar sem farið er dýpra í á síðari stigum.

Nemandi

- þekki frumlitina og geti gert einfaldar litablöndur
- þekki hugtakið grunnform og geti greint muninn á náttúrulegum formum og grunnformum
- þjálfist í að vinna myndræna frásögn úr umhverfi sínu, upplifanir og ímyndanir, með því að nota á fjölbreytilegan hátt viðeigandi efni
- temji sér vönduð vinnubrögð
- þekki hugtakið myndbygging og viti hvað er nálægð og fjarlægð
- skilji mikilvægi þess að ganga frá verkefnum, efnum og áhöldum og geri sér grein fyrir verðmæti þessara hluta

Kennsluhættir

Í myndlist leggur kennarinn inn ákveðið verkefni og fer yfir markmiðin. Kennarinn leiðbeinir nemendum með sýnikennslu hvernig best er að vinna verkefnið. Kennarinn gengur á milli nemenda og aðstoðar.

Lögð er áhersla á að nemendum líði vel í myndlistarstofunni, og að þeir upplifi sköpunargleði í gegnum útfærslu eigin hugmynda og öðlist trú á eigin getu.

Kennsluaðferðir

- **Verklegar æfingar** sem þjálfa vinnubrögð og leikni.
- **Umræðu- og spurnaraðferðir** sem vekja nemandann til umhugsunar, þjálfa rökhugsun og kenna nemandanum að tjá sig, rökræða og efla skilning.
- **Útlistunarkennsla** sem gengur út á að útskýra, miðla og efla skilning nem- á ákveðnu viðfangsefni.
- **Jafningakennsla** þar sem nemendur kenna samemendum sínum og læra þannig enn betur ákveðnar aðferðir sem eflir sjálfstraust.
- **Hópvinnubrögð** sem eykur samkennd innan hópsins og þjálfar um leið samvinnu og verkskiptingu.
- **Sýnikennsla** þar sem unnið er með lítinn hóp í einu.
- **Sköpun** þar sem nemandi teiknar, útfærir og sér verkefnið verða að fullnum hlut.
- **Leikir** þar sem unnið er með hugtök og verkfæri í greininni.

Matsviðmið

Símat sem byggir á frammistöðu í tímum, þar sem tekið er mið af: Sköpun, framförum, sjálfstæði í vinnubrögðum, vandvirkni, vinnusemi, útfærslu, samvinnu og umgengni í skólastofu.

Lokamat

Umsagnir miðast við getu hvers og eins. Verkefnin eru metin í lokin með hliðsjón af ofantöldu.

Kennslugögn

Sýnishorn, blöð erlend sem innlend, myndlistabækur, veraldarvefurinn, vinnulýsingar og efni sótt í reynslubrunn kennara.

2. og 3. bekkur

Hæfniviðmið

Í myndlist er leitast við að þroska með nemendum skapandi hugsun. Á yngsta stigi eru viðfangsefnin unnin út frá nánasta umhverfi og hugarheim nemandans. Áhersla er lögð á fjölbreytt vinnubrögð og að nemendur handleiki sem flestar tegundir efna og áhalda. Lögð verður áhersla á að þjálfna fín- og grófhreyfingar, jafnframt skapandi vinnu.

Á þessu stigi fer fram kynning á inntakspáttum myndlistar sem farið er dýpra í á síðari stigum.

Nemandi

- Þjálfist í að vinna myndræna frásögn úr nánasta umhverfi, upplifunum og ímyndunum með því að vinna á fjölbreytilegan hátt með viðeigandi efni, verkfæri og aðferðir
- Þjálfist í að vinna hugmynda og skissubók
- vinni myndverk með litatónum sem hafa mismunandi áhrif t.d. heitir og kaldir litir
- Þekki hugtakið áferð og beiti því í mynd
- Þekki hugtakið lína og beiti henni á mismunandi hátt í mynd til að fá fram ólík áhrif
- Þekki grunnformin og verkun þeirra í umhverfinu
- Þekki einfalda myndbyggingu og mun á forgrunni, bakgrunni og miðrými ásamt kyrrð og hreyfingu í byggingu mynda
- læri um frágang verkefna og tileinki sér að ganga vel frá efnunum og áhöldum

Kennsluhættir

Í myndlist leggur kennarinn inn ákveðið verkefni og fer yfir markmiðin. Kennarinn leiðbeinir nemendum með sýnikennslu hvernig best er að vinna verkefnið. Kennarinn gengur á milli nemenda og aðstoðar.

Lögð er áhersla á að nemendum líði vel í myndlistarstofunni, og að þeir upplifi sköpunargleði í gegnum útfærslu eigin hugmynda og öðlist trú á eigin getu.

Kennsluaðferðir

- **Verklegar æfingar** sem þjálfna vinnubrögð og leikni.

- **Umræðu- og spurnaraðferðir** sem vekja nemandan til umhugsunar, þjálfra rökhugsun og kenna nemandanum að tjá sig, rökræða og efla skilning.
- **Útlistunarkennsla** sem gengur út á að útskýra, miðla og efla skilning á ákveðnu viðfangsefni.
- **Jafningakennsla** þar sem nemendur kenna samemendum sínum og læra þannig enn betur ákveðnar aðferðir sem eflir sjálfstraust.
- **Hópvinnubrögð** sem eykur samkennd innan hópsins og þjálfar um leið samvinnu og verkskiptingu.
- **Sýnikennsla** þar sem unnið er með lítinn hóp í einu.
- **Sköpun** þar sem nemandi teiknar, útfærir og sér verkefnið verða að fullnum hlut.
- **Leikir** þar sem unnið er með hugtök og verkfæri í greininni.

Matsviðmið

Símat sem byggir á frammistöðu í tímum, þar sem tekið er mið af:

Sköpun, framförum, sjálfstæði í vinnubrögðum, vandvirkni, vinnusemi, útfærslu, samvinnu og umgengni í skólastofu.

Umsagnir miðast við getu hvers og eins. Verkefnin eru metin í lokin með hliðsjón af ofantöldu.

Kennslugögn

Sýnishorn, blöð erlend sem innlend, myndlistabækur, veraldarvefurinn, vinnulýsingar og efni sótt í reynslubrunn kennara.

4.-5. bekkur

Hæfniviðmið

Í myndlist er leitast við að þroska með nemendum skapandi hugsun og hæfileika til að vinna sjálfstætt. Þjálfuð eru þau lögmál og aðferðir sem nemendur kunna, þekkingin dýpkuð og nýjir þættir lagðir inn. Unnið verður með einkunnarorð skólans og horft til sjálfstæðis og ábyrðar nemenda sem og hæfni þeirra til samvinnu við bekkjarfélaga sína.

Nemandi

- Þjálfist í að vinna hugmynda og skissubók
- þekki hugtakið rými með áherslu á umhverfið og vinni með það í myndsköpun sinni

- útfæri mynstur og fléttur bæði í tvívíðri og þrívíðri vinnu
- þekki virkni ljóss og skugga í umhverfinu og geti tjáð uppgötvanir sínar á einfaldan hátt í eigin verkum
- geri sér grein fyrir verðmæti og eiginleikum efna sem unnið er með hverju sinni
- kanni möguleika línunnar og vinni með hana á markvissan hátt í myndverkum sínum
- geti skapað hreyfingu og kyrrð með ólíkum útfærslum línunnar, t.d. láréttum og lóðréttum
- þekki hugtakið sjónarhorn og geri kannanir og verkefni tengd því
- geti lýst munnlega grunnþáttum myndlistar á einfaldan hátt s.s. línunotkun, þeim formum sem birtast í verkinu, litanotkun, hvaða efni verkið sé unnið úr, gerð þess og byggingu
- þekki hugtökin handverk og fjöldaframleiðsla og þann mun sem í þeim felst

Kennsluhættir

Í myndlist leggur kennarinn inn ákveðið verkefni og fer yfir markmiðin. Kennarinn leiðbeinir nemendum með sýnikennslu hvernig best er að vinna verkefnið. Kennarinn gengur á milli nemenda og aðstoðar.

Lögð er áhersla á að nemendum líði vel í myndlistarstofunni, og að þeir upplifi sköpunargleði í gegnum útfærslu eigin hugmynda og öðlist trú á eigin getu.

Kennsluaðferðir

- **Verklegar æfingar** sem þjálfa vinnubrögð og leikni
- **Umræðu- og spurnaraðferðir** sem vekja nemandan til umhugsunar, þjálfa rökhugsun og kenna nemandanum að tjá sig, rökræða og efla skilning.
- **Útlistunarkennsla** sem gengur út á að útskýra, miðla og efla skilning á ákveðnu viðfangsefni
- **Jafningakennsla** þar sem nemendur kenna samemendum sínum og læra þannig enn betur ákveðnar aðferðir sem eflir sjálfstraust
- **Hópvinnubrögð** sem eykur samkennd innan hópsins og þjálfa um leið samvinnu og verkskiptingu
- **Sýnikennsla** þar sem unnið er með lítinn hóp í einu
- **Sköpun** þar sem nemandi teiknar, útfærir og sér verkefnið verða að fullunnum hlut
- **Leikir** þar sem unnið er með hugtök og verkfæri í greininni

Matsviðmið

Símat sem byggir á frammistöðu í tímum, þar sem tekið er mið af: Sköpun, framförum, sjálfstæði í vinnubrögðum, vandvirkni, vinnusemi, útfærslu, samvinnu og umgengni í skólastofu. Umsagnir miðast við getu hvers og eins. Verkefni eru metin í lokin með hliðsjón af ofantöldu.

Kennslugögn

Sýnishorn, blöð erlend sem innlend, myndlistabækur, veraldarvefurinn, vinnulýsingar og efni sótt í reynslubrunn kennara.

6 . -7. bekkur**Hæfniviðmið**

Í myndlist er leitast við að þroska með nemendum skapandi hugsun og hæfileika til að vinna sjálfstætt. Þjálfuð eru þau lögmál og aðferðir sem nemendur kunna, þekkingin dýpkuð og nýjir þættir lagðir inn. Unnið verður með einkunnarorð skólans og horft til sjálfstæðis og ábyrðar nemenda sem og hæfni þeirra til samvinnu við bekkjarfélaga sína.

Nemandi

- vinni með form á fjölbreytilegan hátt með margs konar miðlum og tækni, t.d. einfalda, brjóta upp, þenja út og draga saman og teikna sama formið frá fleiru en einu sjónarhorni
- blandi saman ólíkum efnum og noti margvíslega tækni í sömu mynd, s.k. blandaða tækni
- vinni skissur með áherslu á hvernig form, litir og myndbygging geta undirstrikað ákveðna þætti eða boðskap myndverks, t.d. með því að raða sömu formum upp á mismunandi vegu
- teikni hluti eftir fyrirmynd, s.s. uppstillingu og/eða umhverfisteikningu
- geri sér grein fyrir verðmæti og eiginleikum efna sem unnið er með hverju sinni og áhrifum þeirra á umhverfið

Kennsluhættir

Í myndlist leggur kennarinn inn ákveðið verkefni og fer yfir markmiðin. Kennarinn leiðbeinir nemendum með sýnikennslu hvernig best er að vinna verkefnið. Kennarinn gengur á milli nemenda og aðstoðar.

Lögð er áhersla á að nemendum líði vel í myndlistarstofunni, og að þeir upplifi sköpunargleði í gegnum útfærslu eigin hugmynda og öðlist trú á eigin getu.

Kennsluaðferðir

- **Verklegar æfingar** sem þjálfa vinnubrögð og leikni.
- **Umræðu- og spurnaraðferðir** sem vekja nemandann til umhugsunar, þjálfa rökhugsun og kenna nemandanum að tjá sig, rökræða og efla skilning.
- **Útlistunarkennsla** sem gengur út á að útskýra, miðla og efla skilning á ákveðnu viðfangsefni.
- **Jafningakennsla** þar sem nemendur kenna samemendum sínum og læra þannig enn betur ákveðnar aðferðir sem eflir sjálfstraust.
- **Hópvinnubrögð** sem eykur samkennd innan hópsins og þjálfa um leið samvinnu og verkskiptingu.
- **Sýnikennsla** þar sem unnið er með lítinn hóp í einu.
- **Sköpun** þar sem nemandi teiknar, útfærir og sér verkefnið verða að fullnum hlut.
- **Leikir** þar sem unnið er með hugtök og verkfæri í greininni.

Matsviðmið

Símat sem byggir á frammistöðu í tímum, þar sem tekið er mið af:

Sköpun, framförum, sjálfstæði í vinnubrögðum, vandvirkni, vinnusemi, útfærslu, samvinnu og umgengni í skólastofu.

Umsagnir miðast við getu hvers og eins. Verkefni eru metin í lokin með hliðsjón af ofantöldu.

Kennslugögn

Sýnishorn, blöð erlend sem innlend, myndlistabækur, veraldarvefurinn, vinnulýsingar og efni sótt í reynslubrunn kennara.

Myndlistarval

8.-10. bekkur

Kennari í Vík: Vilma Ágústsdóttir

Tími 2 kennslustundir á viku, ½ vetur

Hæfniviðmið

Í myndlist er leitast við að þroska með nemendum skapandi hugsun og hæfileika til að vinna sjálfstætt. Þjálfuð eru þau lögmál og aðferðir sem nemendur kunna, þekkingin dýpkuð og nýjir þættir lagðir inn. Unnið verður með einkunnarorð skólans og horft til sjálstæðis og ábyrðar nemenda sem og hæfni þeirra til samvinnu við bekkjarfélaga sína.

Að nemandinn

- geri sér gein fyrir heildarbyggingu mannlíkamans og vinni mynd af andliti / mannlíkama
- vinni með ímynd mannlíkamans, fegurðadýrkun og ýmsar staðlaðar ímyndir
- tileinki sér notkun mismunandi miðla í útærslu verkefna sinna, s.s. tölvu, myndavél, upptökuvél, ljósritunarbúnaður, ljósaborð o.s.frv.
- kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum í myndlist
- geti skilgreint ýmsar listastefnur og skoði mynddæmi af verkum
- geri sér grein fyrir verðmæti og eiginleikum efna sem unnið er með hverju sinni

Kennsluhættir

Í myndlist leggur kennarinn inn ákveðið verkefni og fer yfir markmiðin. Kennarinn leiðbeinir nemendum með sýnikennslu hvernig best er að vinna verkefnið. Kennarinn gengur á milli nemenda og aðstoðar.

Lögð er áhersla á að nemendum líði vel í myndlistarstofunni, og að þeir upplifi sköpunargleði í gegnum útfærslu eigin hugmynda og öðlist trú á eigin getu.

Kennsluaðferðir

- **Verklegar æfingar** sem þjálfa vinnubrögð og leikni.
- **Umræðu- og spurnaraðferðir** sem vekja nemandan til umhugsunar, þjálfa rökhugsun og kenna nemandanum að tjá sig, rökræða og efla skilning.
- **Útlistunarkennsla** sem gengur út á að útskýra, miðla og efla skilning ne- á ákveðnu viðfangsefni.
- **Jafningakennsla** þar sem nemendur kenna samemendum sínum og læra þannig enn betur ákveðnar aðferðir sem eflir sjálfstraust.
- **Hópvinnubrögð** sem eykur samkennd innan hópsins og þjálfar um leið samvinnu og verkskiptingu.
- **Sýnikennsla** þar sem unnið er með lítinn hóp í einu.
- **Sköpun** þar sem nem- teiknar, útfærir og sér verkefnið verða að fullnum hlut.

- **Leikir** þar sem unnið er með hugtök og verkfæri í greininni.

Matsviðmið

Símat sem byggir á frammistöðu í tímum, þar sem tekið er mið af:

Sköpun, framförum, sjálfstæði í vinnubrögðum, vandvirkni, vinnusemi, útfærslu, samvinnu og umgengni í skólastofu.

Umsagnir miðast við getu hvers og eins. Verkefnin eru metin í lokin með hliðsjón af ofantöldu.

Kennslugögn

Sýnishorn, blöð erlend sem innlend, myndlistabækur, veraldarvefurinn, vinnulýsingar og efni sótt í reynslubrunn kennara.

Ljósmyndun og tölvuvinnsla 9. – 10. bekkur Val

Kennari í Vík: Vilma B. Ágústsdóttir

Tími 2 kennslustundir á viku, ½ vetur

Hæfniviðmið

Að nemandinn

- vinni verkefni að eigin vali m.t.t. efnis og útfærslu, í samráði við kennaran, sem feli í sér hugmyndavinnu, ítarlega skissugerð, verklega útfærslu og skil.
- læri undirstöðu atriði ljósmyndunar.
- læri á stafrænar myndavélar, stillingar og gagnlegar ábendingar varðandi ljósmyndun.
- læri að flytja myndir yfir í tölvu og skipulagning myndasafnsins.
- læri grunnatriði myndvinnslu, lýsing og litastjórn.
- geri sér grein fyrir verðmæti efna og áhalda sem unnið er með hverju sinni.

Kennsluhættir

Í myndlist leggur kennarinn inn ákveðið verkefni og fer yfir markmiðin.

Kennarinn leiðbeinir nemendum með sýnikennslu hvernig best er að vinna verkefnið. Kennarinn gengur á milli nemenda og aðstoðar.

Lögð er áhersla á að nemendum líði vel í myndlistarstofunni, og að þeir upplifi sköpunargleði í gegnum útfærslu eigin hugmynda og öðlist trú á eigin getu.

Kennsluaðferðir

- **Verklegar æfingar** sem þjálfa vinnubrögð og leikni.
- **Umræðu- og spurnaraðferðir** sem vekja nemandan til umhugsunar, þjálfa rökhugsun og kenna nemandanum að tjá sig, rökræða og efla skilning.
- **Útlistunarkennsla** sem gengur út á að útskýra, miðla og efla skilning ne- á ákveðnu viðfangsefni.
- **Jafningakennsla** þar sem nem- kenna samemendum sínum og læra þannig enn betur ákveðnar aðferðir sem eflir sjálfstraust.
- **Hópvinnubrögð** sem eykur samkennd innan hópsins og þjálfar um leið samvinnu og verkskiptingu.
- **Sýnikennsla** þar sem unnið er með lítinn hóp í einu.
- **Sköpun** þar sem nem- teiknar, útfærir og sér verkefnið verða að fullunnum hlut.

Matsviðmið

Símat sem byggir á frammistöðu í tímum, þar sem tekið er mið af:

Sköpun, framförum, sjálfstæði í vinnubrögðum, vandvirkni, vinnusemi, útfærslu, samvinnu og umgengni í skólastofu.

Umsagnir miðast við getu hvers og eins. Verkefnin eru metin í lokin með hliðsjón af ofantöldu.

Kennslugögn

Stafræn myndavél, tölva, prentari, sýnishorn, blöð erlend sem innlend, myndlistabækur, veraldarvefurinn, vinnulýsingar og efni sótt í reynslubrunn kennara.